


Snæfellsbær  
Smári Björnsson  
Snæfellsási 2  
360 Snæfellsbær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. mars 2011  
Tilvísun: UST20110100134/ksj

### Drög að breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995 - 2015

Við er til erindis Húss og Skipulags er barst 19. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um drög að aðalskipulagsbreytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar, **Sleggjubeina norðan Arnarstapa.**

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar felst í því að:

Skilgreint er brunnsvæði sem er 500 m<sup>2</sup>, grannsvæði sem er um 0,128 m<sup>2</sup> og fjarsvæði sem tekur til vatnasviðs Sleggjubeinu.

Efnistökusvæði N-10 er leiðrétt í samræmi við uppréttan loftmyndagrunn.

Bætt er inn núverandi slóða að efnistökusvæði og gönguleið að fyrirstöðu.

Gert er ráð fyrir steyptri fyrirstöðu við lindir, söfnunarpípum komið fyrir í farvegum. Frá steyptri fyrirstöðu eru grafnar niður tvær lagnir 45 sm hvor í þvermál um 1,4 km leið frá lind að sjó.

Lögn verði lögð um sjávarbotn að afhendingarstað þar sem dýpi er 14 – 18 m.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að breyttu aðalskipulagi Snæfellsbæjar

#### Náttúruminjar

Svæðið það sem ofangreind breyting á aðalskipulagi nær til og er skilgreint sem brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði vatnstöku er á náttúruminjaskrá, eins og segir í breytingartillögunni. Í náttúruminjaskrá segir: „*Utanvert Snæfellsnes, Snæfellsbæ, Snæfellsnessýslu. Snæfellsnes vestan Fróðárheiðar utan ræktaðs lands og þéttbýlis. Á sunnanverðu nesinu markast svæðið til austurs af vegi yfir Fróðárheiði og austurbakka Bugsvatna. Fjölbreytilegt landslag, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls. Eldstöðvar og hraun frá nútíma. Fjölsótt*

*útivistarsvæði.*“ Einnig vill Umhverfisstofnun benda á að skammt frá áætluðu vatnstökusvæði er Rauðfeldsgjá sem er djúp gjá er skerst í austanvert Botnsfjall vestan við Hnausahraun. Rauðfeldsgjá er vinsæll staður meðal ferðamanna. Þar steypist niður lækurinn Sleggjubeina í háum fossi ofan í gjána.

### **Vatnslindir**

Fram kemur í texta er fylgir breytingartillögu að áætlað er að vatnstaka verði úr lindum við rætur Botnsfjalls, sem eru vel aðgengilegar. Einnig kemur fram að þeim verði lokað af fyrir utanaðkomandi áhrifum til að tryggja hreinleika vatns. Einnig kemur fram að vatnslind sé um 1000 lítrar á sekúndu, en getur farið í 700 lítra á sekúndu í vetrarhörkum, og að gert er ráð fyrir að nýta allt að 500 l á sekúndu. Hæð lindar er í 85 m hæð yfir sjávarmáli. Af þessum upplýsingum sést að áætlað er að nýta allt að helming vatns úr vatnslindum sem eru á svæðinu. Fullyrt er í drögum að breytingartillögu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar að: „*Vegna eðlis lindar er möguleiki á fullri nýtingu án þess að áhrifa gæti á grunnvatni.*“ Í greinargerð kemur ekki fram hvaða lind er átt við í ofangreindri fullyrðingu, einnig vantar rökstuðning fyrir fullyrðingunni. Umhverfisstofnun bendir á að ósamræmi sé í texta greinargerðar þar sem annars vegar er talað um vatnslindir sem nýta eigi til vatnstöku og síðan er talað um eðli lindar.

### **Mannvirki og breytt landnotkun**

Eins og fram hefur komið segir í greinargerð, að vatnslindum verði lokað af fyrir utanaðkomandi áhrifum til að tryggja hreinleika vatns. Einnig kemur fram að: „*Mannvirki verði felld vel að landi og notaður jarðvegur og gróðurþekja af staðnum.*“ Ekkert kemur fram um hver umrædd mannvirki eru. Ekki er heldur skýrt hvernig loka eigi vatnslindir af til að tryggja hreinleika vatns. Í greinargerð kemur fram að við lindir verði steipt fyrirstaða þar sem rennsli lindanna kemur saman á einum stað. Að mati Umhverfisstofnunar kemur ekki skýrt fram hve mikið mannvirki ofangreind steipt fyrirstaða kemur til með að vera. Í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 í gr. 4.7.1. *Skilgreining iðnaðarsvæða*, kemur fram að gera skal ráð fyrir veitustöðvum á iðnaðarsvæðum. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að sýna iðnaðarsvæði á aðalskipulagsupprætti þar sem veitustöð vatnstöku er áætluð.

Fram kemur að áætlað sé að leggja söfnunarpípur í farvegi og vatni úr þeim síðan veitt í eina stærri söfnunarpípu er liggi þvert á þær minni. Ekkert kemur fram um lengd ofangreindra söfnunarpípa í farvegum né stærð stærri söfnunarpíunnar. Einnig er áætlað að gegnum steipta fyrirstöðu liggi tvær vatnslagnir 45 sm. hvor í þvermál sem verði lagðar neðanjarðar. Ljóst er að slíkar lagnir kalla á meira rask en gert er ráð fyrir í greinargerð er fylgir drögum að breyttu aðalskipulagi Snæfellsbæjar. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að fram kemur í greinargerð að lindir eru í 85 m hæð yfir sjó og þó ráðgert sé að grafa lagnir í jörðu, þá þarf einnig að gera ráð fyrir hrauni og klettum, en ekkert kemur fram um frágang lagna við þær aðstæður. Þar sem lagnir eru ráðgerðar um svæði með svo miklum hæðarmun telur Umhverfisstofnun augljóst að sjónræn áhrif frá stöðum eins og t.d. höfninni á Arnarstapa sem er fjölfarinn ferðamannastaður verða mikil og neikvæð.

### **Vatnslögn í sjó**

Í greinargerð kemur fram að allar framkvæmdir í sjó verði í samráði við Siglingastofnun. Umhverfisstofnun bendir á að við lagningu leiðslna í sjó þarf leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 9.

gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun sjávar, en þar segir: „Lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar.“

## Niðurstaða

Ofangreind drög að breytingartillögu aðalskipulags Snæfellsbæjar fela í sér að mati Umhverfisstofnunar mikil inngrip í svæði sem er á náttúruminjasrá og svæði sem er fjölsótt af ferðamönnum. Verndargildi og útivistargildi svæðisins eru mikil eins og sést á vinsældum þess til útivistar og náttúruskoðunar. Að mati Umhverfisstofnunar mun, miðað við eðli og umfang nútíma mannvirkja, rask á svæðinu vegna upptalinna framkvæmda verða meiri en gert er ráð fyrir í greinargerð er fylgir drögum að breyttu aðalskipulagi Snæfellsbæjar. Að áætla að gönguslóði að framkvæmdum dugi þegar leggja á tvær 45 sm. vatnslagnir og aðrar þær framkvæmdir sem upptaldar eru í drögum að breytingartillögu er vanáætlað að mati Umhverfisstofnunar. Nútíma tæki kalla á meiri vegagerð en gönguslóða. Einnig munu neikvæð sjónræn áhrif af framkvæmdunum verða mikil á fjölförnum ferðamannastöðum í nágrenni við áætlaðan vatnstökustað.

Ljóst er að þrátt fyrir áætlanir um góða umgengni og frágang á vinnusvæði við lindir og við lagningu röra, þá mun ásýnd svæðisins breytast við raskið sem framkvæmdirnar kalla á og hafa neikvæð áhrif á verndargildi og útivistargildi svæðisins og hafa umtalsverð neikvæð sjónræn áhrif.

Virðingarfyllt

Olafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun